

## Velferðarnefnd Alþingis

### **Efni: Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar vegna frumvarps til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 416. mál.**

Félagsmálaráð Akureyrar fagnar framkomnu frumvarpi og telur að velferðarstefna sem felur það í sér að vinnufærir einstaklingar á fjárhagsaðstoð fái markvissara inn grip með hvatningu til þess að fara út á vinnumarkaðinn sé rétt. Þannig er jákvætt að settur sé meiri rammi utanum fjárhagsaðstoðina til að minnka líkur á að fólk sé látið afskipalaust til lengri tíma en fái þess í stað strax tilboð um aðstoð við atvinnuleit eða starfstengda endurhæfingu.

Framkvæmdin getur hins vegar orðið flókin þar sem fólk sveiflast skjótt á milli hópa; vinnufær, vinnufær að hluta, sjúklingur, vinnufær í ákveðnum störfum en öðrum ekki. Sumir eru ekki vinnufærir í byrjun en gætu orðið það með góðri starfsendurhæfingu. Sveitarfélögin hafa leitast við að koma sér upp ýmsum virkni/atvinnuúrræðum auk þess sem þau hafa nýtt vel þau úrræði Vinnumálastofnunar sem hafa verið í boði. Til þess að mæta þeim hópi sem nýtur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna og flokkast undir það að vera vinnufær þarf að efla fjölbreytt úrræði af þessum toga.

Fram kemur að vinnufærnimatið skuli byggja á samræmdu faglegu mati og það er mjög nauðsynlegt til þess að traust byggist upp á þessu kerfi. Í þessu sambandi má benda á að auk samstarfs við Vinnumálastofnun sem er mjög mikilvægt er samstarf við heilsugæslu/heilbrigðiskerfið og Virk starfsendurhæfingarsjóð einnig afar mikilvægt. Ekki kemur fram í lagatextanum hver framkvæmir vinnufærnimatið en hins vegar í greinargerð um mat á áhrifum frumvarpsins kemur fram að eftir skimun í félagsþjónustunni sé máli vísað til Vinnumálastofnunar og þar fari fram mat á vinnufærni viðkomandi. Í 2. greininni er kveðið á um að sveitarfélögum sé heimilt að gera samstarfssamning við Vinnumálastofnun um aðstoð við atvinnuleitendur sem njóta fjárhagsaðstoðar. Það er óljóst um hvað þessir samningar eiga að snúast, bara um úrræði fyrir atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð eða vinnufærnimatið einnig. Þetta þyrfti að koma skýrt fram í lagatextanum til að taka af öll tvímæli um hlutverk Vinnumálastofnunar.

Í fylgiskjali 1 - Mati á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga kemur fram að kostnaðarmatið byggi að verulegu leiti á vísbendingum. Eitt af því sem er óljóst er innhald væntanlegra samstarfssamninga sveitarfélaganna við Vinnumálastofnun og kostnaður sem ef því hlýst. Benda má á að nú þegar er Vinnumálastofnun að sinna þessum hópi atvinnuleitenda á fjárhagsaðstoð með úrræðum (Stígsverkefnið) og ef til stendur að færa þau útgjöld til sveitarfélaganna með samstarfssamningum er um beina tilfærslu útgjalda að ræða frá ríki til sveitarfélaga.